

Nr. 21.

250

3. október 1973.

AUGLÝSING

um gildistöku samnings milli Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands til að koma í veg fyrir tvísköttun, að því er varðar skatta á tekjur og eignir.

Hinn 3. október 1973 var í Reykjavík skipst á fullgildingarskjöllum vegna samnings milli Lýðveldisins Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands til að koma í veg fyrir tvísköttun, að því er varðar skatta á tekjur og eignir. Samkvæmt ákvæðum 29. gr. samningsins gengur hann því formlega í gildi hinn 2. nóvember 1973.

Samningur þessi var undirritaður í Bonn hinn 18. mars 1971, og er hann birtur í C-deild Stjórnartíðinda 1971 nr. 13.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 3. október 1973.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

Nr. 22.

29. október 1973.

AUGLÝSING

um gildistöku breytinga á sáttmála hinna Sameinuðu þjóða.

Með skírskotun til auglýsingar nr. 7/1973 er almenningi hér með gert kunnugt, að hinn 24. september 1973 gengu í gildi breytingar þær á 61. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem um var fjallað í ofangreindri auglýsingu.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 29. október 1973.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

Nr. 23.

29. október 1973.

AUGLÝSING

um bókun um breytingu á samningi milli Íslands og Danmerkur um að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir.

Hinn 13. september 1973 var undirrituð í Kaupmannahöfn bókun um breytingu á samningi milli Íslands og Danmerkur um að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir. Forseti Íslands staðfesti bókun þessa hinn 28. september 1973. Gildistaka bókunarinnar er miðuð við hinn 23. október 1973 skv. 1. mgr. 2. gr. hennar.

Bókunin er hirt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 29. október 1973.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

Fylgiskjal.**BÓKUN**

um breyting á samningi milli Lýðveldis Íslands og Konungsríkisins Danmerkur um að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir.

LÝÐVELDIÐ ÍSLAND

og
KONUNGRÍKIÐ DANMÖRK,

sem ásaðtt eru um að gera bókun til breytinga á samningi milli samningsríkjanna um að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir, ásamt bókun, sem undirritaður var í Reykjavík 21. maí 1970, hafa í því skyni skipað sem fulltrúa sína með umboði:

I. grein**Breytingar á samningnum**

1. 10. grein orðist svo:

„10. gr.
Ágóðahlutir

1. Ágóðahluti, sem félag heimilisfast í aðildarríki greiðir aðila heimilisföstum í hinu aðildarríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

2. Slíka ágóðahluti má þó skattleggja í því aðildarríki, þar sem félagið, sem greiðir ágóðahlutina, er heimilisfast, og eftir lögum þess ríkis. Með fyrirvara þeim, sem greinir í 3. tl., skal skatturinn, sem þannig er álagður, þó ekki vera hærri en:

- a) 5% af vergri fjárhæð ágóðahlutanna, ef móttakandinn er félag (undanskilið er þó sameignarfélag), sem á beint að minnsta kosti 25% eignarhlutdeild í félaginu, sem ágóðahlutina greiðir;
- b) 15% af vergri fjárhæð ágóðahlutanna í öllum öðrum tilvikum.

3. Þrátt fyrir ákvæðin í 2. tl. a-lið má Ísland hækka skattstigann úr 5% í 15% í þeim tilvikum, þegar ágóðahluturinn

PROTOKOL

om ændring af overenskomst mellem Republikken Island og Kongeriget Danmark til undgåelse af dobbeltbeskatning og forhindring af beskatningsunddragelse, for så vidt angår indkomskat og formueskat.

REPUBLIKKEN ISLAND

og
KONGERIGET DANMARK

som ønsker at oprette en protokol til ændring af overenskomst mellem de kontraherende stater til undgåelse af dobbeltbeskatning og forhindring af beskatningsunddragelse, for så vidt angår indkomstkat og formueskat, med protokol, undertegnet i Reykjavik 21. maj 1970, har i denne anledning som deres befuldmægtigede udnævnt:

Artikel I**Ændringer i overenskomsten**

1. Artikel 10 får følgende nye ordlyd:

„Artikel 10
Udbytter

1. Udbytte, som udbetales af et selskab, der er hjemmehørende i en af de kontraherende stater, til en person, som er hjemmehørende i en anden kontraherende stat, kan beskattes i denne anden stat.

2. Sådant udbytte kan imidlertid også beskattes i den kontraherende stat, hvori selskabet, der udbetaler udbyttet, er hjemmehørende, i henhold til lovgivningen i denne stat. Medmindre bestemmelserne i stykke 3 finder anvendelse, må skatten ikke overstige:

- a) 5 pct. af bruttoudbyttet, såfremt modtageren er et selskab (bortset fra et interessentskab), som direkte eller indirekte ejer mindst 25 pct. af aktiekapitalen i det selskab, der udbetaler udbyttet;
- b) i alle andre tilfælde 15 pct. af bruttoudbyttet.

3. Uanset bestemmelserne i stykke 2 a) kan islandsk skat på udbytte forhøjes fra 5 pct. til 15 pct. i tilfælde, hvor

hefur verið dreginn frá tekjum félagsins, áður en íslenski félagaskatturinn var álagður.

4. Bær stjórnarvöld í aðildarríkjunum skulu með gagnkvæmu samkomulagi setja nánari reglur um framkvæmd takmarkana samkvæmt 2. og 3. tl. Ákvæðin í 2. og 3. tl. snerta ekki skattlagningu félagsins, að því er varðar þann hagnað, sem ágóðahlutirnir eru greiddir af.

5. Hugtakið „ágóðahlutir“ merkir í þessari grein tekjur af hlutabréfum, námuhlutabréfum, stofnbrefum eða öðrum réttindum, sem ekki eru skuldakröfur, til hlutdeildar í hagnaði, svo og tekjur af öðrum félagsréttindum, sem jafngilda tekjum af hlutabréfum samkvæmt skattalöggjöf þess ríkis, þar sem félagið, sem úthlutunina framkvæmir er heimilisfast.

6. Ákvæði 1., 2. og 3. tl. gilda ekki, þegar viðtakandi ágóðahlutanna er heimilisfastur í aðildarríki, en rekur í hinu aðildarríkinu, þar sem félag það, sem ágóðahlutina greiðir, er heimilisfast, fasta atvinnustöð, sem eignarréttindin, sem ágóðahlutirnir eru greiddir af, eru raunverulega bundin við. Í því tilviki gilda ákvæði 7. gr.

7. Ef félag, sem er heimilisfast í aðildarríki, fær hagnað eða tekjur frá hinu aðildarríkinu, getur síðarnefnda ríkið ekki skattlagt ágóðahlutina, sem félagið greiðir aðilum, sem ekki eru heimilisfastir í því ríki, eða lagt skatt á óútlagðan hagnað félagsins. Þetta gildir jafnt, þótt greiddu ágóðahlutirnir eða óúthlutaði hagnaðurinn sé að öllu eða nokkru leyti hagnaður eða tekjur, sem hafa myndast í síðarnefnda ríkinu.“

2. Við 24. grein bætist nýr töluliður, sem verður 2. tl., svohljóðandi:

„2. Þegar aðili, sem er heimilisfastur í öðru aðildarríkinu, hefur tekjur, sem

sáðant udbytte er bragt til fradrag í den indkomst, hvoraf islandsk selskabsskat pålignes.

4. De kompetente myndigheder i de kontraherende stater skal ved gensidig aftale fastsætte de nærmere regler for gennemførelsen af de i stykke 2 og 3 omhandlede begrænsninger. Bestemmelserne i stykke 2 og 3 skal ikke influere på beskattningen af selskabet, for så vidt angår den fortjeneste, hvoraf udbyttet udbetales.

5. Udtrykket „udbytte“ betyder i denne artikel indkomst af aktier, mineaktier, stifterandele eller — bortset fra gældsfordringer — andre rettigheder til andel i fortjeneste, såvel som indkomst fra andre selskabsrettigheder, der sidestilles med indkomst fra aktier i henhold til skattelovgivningen i den stat, i hvilken det selskab, der foretager udlodningen, er hjemmehørende.

6. Bestemmelserne i stykke 1, 2 og 3 finder ikke anvendelse i tilfælde, hvor udbyttet oppebæres af en person, der er hjemmehørende i en af de kontraherende stater, og som har et fast driftssted i den anden kontraherende stat, i hvilken det selskab, der udbetaler udbyttet, er hjemmehørende, såfremt de rettigheder, der ligger til grund for udlodningen, har direkte forbindelse med det faste driftssted. I så fald skal bestemmelserne i artikel 7 finde anvendelse.

7. Hvor et selskab, som er hjemmehørende i en af de kontraherende stater, oppebærer fortjeneste eller indkomst fra den anden kontraherende stat, kan denne anden stat ikke lægge nogen skat på udbytte, som udbetales af selskabet til personer, der ikke er hjemmehørende i denne anden stat, eller underkaste selskabets ikke-udloddede indkomst nogen skat på ikke-udloddet indkomst, selv om det udbetalte udbytte eller den ikke-udloddede indkomst helt eller delvis består af fortjeneste eller indkomst fra kilder i denne anden stat.“

2. Til artikel 24 føjes som stykke 2 følgende:

„Når en person, der er hjemmehørende i en af de kontraherende stater, oppe-

samkvæmt reglunum í 10. gr. má skattleggja í hinu aðildarríkinu, skal fyrrnefnda ríkið leyfa frádrátt frá tekjuskatti viðkomandi aðila, fjárhæð, sem samsvarar þeim skatti, sem greiddur er í hinu ríkinu. Slíkur frádráttur skal samt sem áður ekki fara fram úr þeim hluta skattsins, reiknuðum áður en frádrátturinn er gerður, sem svarar til þeirra tekna, sem myndast hafa í síðarnefnda ríkinu.“

II. grein Gildistaka

1. Bókun þessi skal ganga í gildi þann dag, sem skipst er á erindum, sem staðfesta, að bæði aðildarríkin hafi fullnægt þeim stjórnskipulegu aðgerðum, sem krafist er til slíkrar gildistöku í hvoru ríkinu um sig.

2. Bókun þessi skal koma til framkvæmda að því er varðar skatta af ágóðahlutum, sem staðgreiddir eru og falla til útborgunar 1. janúar 1974 eða síðar.

ÞESSU TIL STAÐFESTINGAR hafa fulltrúar beggja samningsríkjanna undirritað bókun þessa og sett við innsigli sín.

GJÖRT í Kaupmannahöfn hinn 13. september tveimur eintökum á íslensku og dönsku, og skulu báðir textar vera jafngildir.

Fyrir hönd Lýðveldisins Íslands:
Sigurður Bjarnason

Fyrir hönd Konungsríkisins Danmerkur:
K. B. Andersen.

bærer indkomst, som i overensstemmelse med reglerne i artikel 10 kan beskattes i den anden kontraherende stat, skal den førstnævnte stat i den pågældende persons indkomstskat indrømme et fradrag svarende til den skat, som er betalt til den anden stat. Sådant fradrag kan imidlertid ikke overstige den del af skatten, beregnet før fradraget foretages, som svarer til den indkomst, der hidrører fra den sidstnævnte stat.“

Artikel II Ikrafttræden

1. Denne protokol skal træde i kraft den dag, hvor det ved noteveksling bekræftes, at hver af de kontraherende stater har gennemført de forfatningsmæssige foranstaltninger, der er nødvendige for ikrafttrædelsen i vedkommende stat.

2. Protokollen skal herefter have virkning med hensyn til skatter på udbytter, som er tilbageholdt ved kilden, for så vidt angår beløb, der forfalder til betaling 1. januar 1974 eller senere.

TIL BEKRÆFTELSE AF foranstående har de befuldmægtigede for begge de kontraherende stater undertegnet denne protokol og forsynet den med deres segl.

UDFÆRDIGET i København, den 13. september 1973 i to eksemplarer på islandske og danske, således at begge tekster har samme gyldighed.

For Republikken Island:
Sigurdur Bjarnason

For Kongeriget Danmark:
K. B. Andersen